

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um flugvernd nr. 985/2011.

#### 1. gr.

38. gr. orðast svo:

Rekstraraðila flugvallar er heimilt, í samráði við ríkislögreglustjóra, að þjálfa og nota leitarhunda til aðstoðar við framkvæmd flugverndar á flugvöllum, svo sem við leit að sprengiefnum eða öðrum bönnuðum hlutum á flugvallarsvæði, í flugstöð eða um borð í loftfari eftir atvikum.

#### 2. gr.

G. liður 1. mgr. 39. gr. orðast svo:

g. hafi efnin verið keypt á flugvelli í þriðja ríki sem skráð er í flugverndaráætlun Íslands eða fylgiskjali 4-D við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, að því tilskildu að vökvannum, úðaefninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við hann og veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðaefnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar innan 36 klukkustunda. Undanþágurnar sem kveðið er á um í þessum lið, falla úr gildi 29. apríl 2013.

#### 3. gr.

D. liður 1. mgr. 61. gr. orðast svo:

d. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 720/2011 frá 22. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 272/2009 um viðbót við sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenningsflugi að því er varðar að koma á skimun vökva, úðaefna og gels í áföngum á flugvöllum í Evrópusambandinu, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 24, frá 26. apríl 2012, bls. 1, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins, nr. 148/2011 frá 2. desember 2011;

#### 4. gr.

M. liður 1. mgr. 61. gr. orðast svo:

m. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2011 frá 7. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 12, 1. mars 2012, bls. 615, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins, nr. 26/2012 frá 10. febrúar 2012.

#### 5. gr.

1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða orðast svo:

Bakgrunnsskoðunum áhafna samkvæmt V. kafla skal lokið eigi síðar en 1. janúar 2013.

#### 6. gr.

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 334/2011 frá 7. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 12, 1. mars 2012, bls. 615, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á XIII. viðauka EES-samningsins nr. 26/2012 frá 10. febrúar 2012; með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins og bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 70. gr. og 70. gr. d, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Innanríkisráðuneytinu, 14. ágúst 2012.*

**Ögmundur Jónasson.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2012